



**Kennari: Ingunn Helgadóttir (IH)** [ingunn@fsu.is](mailto:ingunn@fsu.is)

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir grunnhugtök og kenningar í stjórnun og markaðsfræði. Leitast er við að veita nemendum innsýn í störf stjórnenda og efla skilning nemenda á gildi markaðsstarfs. Kynnt er fyrir nemendum helstu atriði í markaðsrannsóknum, gildi stjórnunar og skipulagningar fyrir einstaklinginn, fyrirtækið og samfélagið.

### Markmið

#### Að nemandinn:

- þekki þróun stjórnunar sem fræðigreinar, tilgang og hugmyndafræði markaðsfræðinnar
- þekki helstu stjórnunarkenningar og stjórnunarstíla
- átti sig á þýðingu markaðsstarfs fyrir fyrirtæki og samfélag
- öðlist grunnþekkingu í mannauðsstjórnun
- þekki helstu samkeppnisform og mikilvægustu atriði samkeppnisgreiningar
- geti beitt algengustu hugtökum í stjórnun og markaðsfræði
- þekki mikilvægi markaðsrannsókna
- þekki siðferðileg álitamál er varða viðskipti og markaðsrannsóknir
- geti tjáð skoðanir sínar á grunnatriðum í stjórnun og markaðsfræðum
- geti notað grunnþekkingu sína til að auka þekkingu sína í stjórnun og markaðsfræðum

**Kennsluefni:** Inngangur að stjórnun. Höf: Sigmar Þormar. Einnig munu nemendur fá efni hjá kennara.

**Námsmat:** Stórt verkefni 25%, próf 30%, önnur verkefni 45%, ekkert lokapróf!

**Próf:** Á önninni verða 2 próf sem **allir** verða að taka. Ætlast er til að nemendur fái að lágmarki 5 að meðaltali úr prófunum til að standast áfangann.

**Verkefni:** Nemendur mega sleppa einu litlu verkefni á önninni en kennari tekur ekki á móti verkefnum eftir að skilafresti líkur nema með sérstökum undanþágum.

**Stóra verkefnið:** Eitt stórt hópverkefni verður í lok annar sem gildir 25% Allir verða að skila þessu verkefni.

**Vikuáætlun:**

Vika	Námsefni	Verkefni
33 (18. – 20. ág)	Kynning á áfanganum	
34 (23. – 27 ág)	Inngangur að stjórnun Kafli 1 og 2	Sjá Innu
35 (30. ág – 3. sep)	Inngangur að stjórnun Kafli 3 og gildi fyrirtækja	Sjá Innu
36 (6. – 10. sep)	Ljósrit um stefnumótun og byrjum á stóra verkefninu	Sjá Innu
37 (13. – 17. sep)	Inngangur að stjórnun Kafli 4 og vinnum í stóra verkefni	Sjá Innu
38 (20. – 24. sep)	Inngangur að stjórnun kafli 8 og stóra verkefni	Sjá Innu
39 (27. – 30. sep)	<b>Próf 1 úr kafla 1,2,3,4 úr inngang að stjórnun.</b>	Sjá Innu
40 (4. – 8. okt)	Inngangur að stjórnun kafli 9 / stóra verkefni	Sjá Innu
41 (11. – 15. okt)	<b>skrap /stóra verkefni- Haustfrí – 2 tímar í vikunni</b>	Sjá Innu
42 (18. – 22. okt)	Markaðsfræði /stóra verkefni	Sjá Innu
43 (25. – 29. okt)	Markaðsfræði /stóra verkefni	Sjá Innu
44 (1. – 5. nov)	Markaðsfræði /stóra verkefni	Sjá Innu
45 (8. – 12. nov)	<b>Próf 2 úr kafla 8 og 9 í Inngang að stjórnun og annað aukaefni – sjá Innu</b>	Sjá Innu
46 (15. – 19. nov)	Undirbúningur kynninga og kynningar á lokaverkefni byrja	Sjá Innu
47 (22. – 26. nov)	Kynningar á lokaverkefni	Sjá Innu
48 (29.nov – 3. des)	<b>Lokafrágangur og skil á stóra verkefninu - skrap</b>	Sjá Innu

**Með fyrirvara um breytingar.**

**Ingunn Helgadóttir 17. ágúst 2021**